



Félag löggiltra endurskoðenda

ÁRSSKÝRSLA FLE

Starfsárið 2022-2023



Efnisyfirlit

STJÓRN OG NEFNDIR 2022 – 2023	2
STÖRF STJÓRNAR FLE STARFSÁRIÐ 2022 – 2023	3
VIÐBURÐIR.....	5
MORGUNKORN	5
RÁÐSTEFNUR.....	6
NÁMSKEIÐ OG FRÆDSLUFUNDIR.....	7
SÉRSTAKIR VIÐBURÐIR / NÁMSKEIÐ	8
STÖRF FASTANEFNDA.....	8
AÐRAR NEFNDIR OG STARFSHÓPAR	11
NÁMSSTYRKJA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR FLE	11
ERLEND SAMSKIPTI	11
ENDURSKOÐENDARÁÐ.....	14
FÉLAGAR	15
LÖGGILDINGARPRÓF.....	17
ÁRSREIKNINGUR FLE	19
ÁRSREIKNINGUR NÁMSSTYRKJASJÓÐS.....	31



Stjórn og nefndir 2022 – 2023

Félagsstjórn

Hólmgrímur Bjarnason, formaður
Kristrún Helga Ingólfssdóttir, varaformaður
Eymundur Einarsson
Ingunn H. Hauksdóttir
Sighvatur Halldórsson

Endurskoðandi

Davíð Arnar Einarsson, Grant Thornton

Ungliðanefnd

Fríða Rúnarsdóttir
Anna Kristín Kristinsdóttir
Hugrún Arna Vigfúsardóttir
Þórunn Mjöll Jónsdóttir

Námsstyrkjasjóður, stjórn

Hólmgrímur Bjarnason, formaður
Arna G. Tryggvadóttir
Jón Sturla Jónsson
Kristrún Helga Ingólfssdóttir, varamaður

Fastanefndir

Álitsnefnd

Hólmgrímur Bjarnason, formaður
Kristrún Helga Ingólfssdóttir
Bryndís Björk Guðjónsdóttir
Margrét Pétursdóttir
Jón Sturla Jónsson
Margret Flóvenz, varamaður

Endurskoðunarnefnd

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir, formaður
Eyþór Guðjónsson
Hrafnhildur Helgadóttir
Níels Guðmundsson

Gæðanefnd

Ísak Gunnarsson, formaður
Berglind Klara Danielsdóttir
Rúnar Bjarnason
Fríða Rúnarsdóttir

Menntunarnefnd

Gunnar Þór Tómasson, formaður
Hildur Sigurðardóttir
Mikael Símonarson
Díana Hilmarsdóttir

Reikningsskilanefnd

Helgi Einar Karlsson, formaður
Andri Guðmundsson
Þórunn Mjöll Jónsdóttir
Theodór Ingi Pálmason

Skattanefnd

Kjartan Arnfinnsson, formaður
Anna Þóra Benediktsdóttir
Steingrímur Sigfússon
Daníel Jón Guðjónsson

Stjórnskipaðar nefndir

Uppstillingarnefnd

Kristrún Helga Ingólfssdóttir, formaður
Sif Einarsdóttir
Arnar Már Jóhannesson
Ljósbrá Baldursdóttir
Geir Steinþórsson

Ritnefnd

Herbert Baldursson, formaður
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir
Kjartan Arnfinnsson
Birta Mogensen
Gísli Páll Baldvinsson

Störf stjórnar FLE starfsárið 2022 – 2023

Ný stjórn kom saman til fyrsta stjórnarfundar á nýju starfsári þann 24. nóvember 2022. Krístrún Helga Ingólfssdóttir er ný í stjórninni en Hlynur Sigurðsson vék úr stjórn og færur honum kærar þakkir fyrir gott framlag hans til félagsins. Áfram í stjórn sitja þau Eymundur Sveinn Einarsson, Ingunn Hafdís Hauksdóttir og Sighvatur Halldórsson. Undirritaður er formaður, Krístrún varaformaður, Sighvatur gjaldkeri og Ingunn ritari.

Á vinnufundi stjórnar í desember 2022 var farið yfir möguleg áhersluatriði félagsins á árinu og ákveðið að vinna meðal annars að eftirtöldum atriðum:

- Hagsmunagæsla verður áfram aðalatriði í starfsemi félagsins.
- Áframhaldandi samtöl við fulltrúa ráðuneytisins og ársreikningaskrár til að reyna að leysa áralöng átök um tímasetningar á skilum á ársreikningum til ársreikningaskrár.
- Áfram verði lögð áhersla á endurmenntun, þar með talið að bjóða félagsmönnum upp á fjölbreytt námskeið og ráðstefnur.

Að þessum málum hefur stjórnin meðal annars unnið með starfsmönnum félagsins og nýtt sér þá þekkingu og krafta sem fastanefndirnar búa yfir, félaginu til góða.

Hagsmunagæsla

Hagsmunagæsla er einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi félagsins þó eðli þeirrar vinnu sé kannski þannig að árangurinn vekur ekki mikla athygli þegar vel tekst til. Félagið á í reglubundnum og markvissum samtölum við marga aðila sem koma að málefnum endurskoðenda allan ársins hring.

Fulltrúar félagsins hafa verið í áframhaldandi samskiptum við ársreikningaskrá og ráðuneytið meðal annars varðandi tímasetningar á skilum ársreikninga til ársreikningaskrá. Það verður að viðurkennast að það eru talsverð vonbrigði hvað það samtal hefur gengið hægt, fyrst og fremst vegna anna í ráðuneytinu. Í ljósi þess dráttar fór félagið fram á að heimilt yrði að skila ársreikningum á árinu 2023 út september án sektar þó að lögin geri ráð fyrir að skila beri ársreikningum í síðasta lagi í lok ágúst til ársreikningaskrár og hafðist það í gegn. Að mínu viti er mjög mikilvægt að þessu samtali verði haldið áfram til að koma þessum skilamállum í fastari skorður en í því sambandi tel ég afar mikilvægt að við höfum september áfram sem skilamánuð.

Á árinu var tekið upp samtal við skattinn um ýmis úrlausnarmál sem gætu verið til bóta fyrir okkur endurskoðendur sem og okkar viðskiptavinum, þar með talið um hvort að mögulega væri hægt að einfalda ýmsa hluti er varða skattframtöl lögaðila og hvort mögulega væri hægt að opna framtalið fyrr. Einnig meðal annars hvort að hægt sé að gera fyrirtækjum auðveldara fyrir með að sækja um annað reikningsár en almanaksárið. Að mínu mati er mikilvægt að þessu samtali verði haldið áfram.

Sjálfbærnimálin hafa verið talsvert til umræðu hjá félaginu á árinu. Meðal annars fóru fulltrúar frá félaginu á fund Lilju Alfreðsdóttur Menningar og viðskiptaráðherra og hennar fólks í ráðuneytinu í apríl síðastliðnum til að vekja athygli á málinu og til þess að hvetja ráðuneytisfólkið til dáða í málaflokknum. Félagið er með sérstakan vinnuhóp um sjálfbærnimálin og tekur fulltrúi úr þeim vinnuhóp þátt í norrænum vinnuhóp um málið. Þá er félagið með tvo fulltrúa í nýlegum vinnuhóp sem ráðuneytið stofnaði um málið. Þetta er mjög stórt mál sem mun væntanlega hafa mikil áhrif á endurskoðunarstéttina á næstu misserum og því mikilvægt að við höldum vel á spöðunum hér.

Nokkuð hefur verið rætt um nýliðun í stéttinni á árinu en talsvert áhyggjuefni er að undanfarið hefur bæði þeim sem velja reikningsskil og endurskoðun í grunnnáminu í viðskiptafræði sem og þeim sem fara í mastersnám í reikningsskilum og endurskoðun fækkað talsvert. Til að bregðast við þessu hefur félagið meðal annars samið við háskólana um að fulltrúar frá félaginu fái að fara inn í skólana til að kynna störf endurskoðenda og ýta undir áhuga fólks á að velja að fara í reikningshald og endurskoðun. Einnig hefur menntanefnd félagsins verið með til skoðunar hvort að gera þurfi breytingar á löggildingarprófunum til að gera þau meira aðlaðandi.

Fulltrúar frá félaginu hafa síðan verið og eru að vinna að hinum ýmsu málum fyrir hönd félagsins meðal annars í gegnum fastanefndirnar. Má þar til dæmis nefna væntanlegan alþjóðlegan staðal um endurskoðun



einfaldra félaga, ný lög um bókhald og yfirferð og uppfærslu á stöðluðum FLE áritunum sem litu dagsins ljós núna á dögum.

Þá fylgist félagið að venju með störfum Alþingis og kallar til fastanefndir og Álitsnefnd félagsins ef gera þarf athugasemdir við einstaka mál.

Endurmenntun

Að venju hefur töluverð áhersla verið lögð á það hjá félaginu að sinna fræðslu og endurmenntun félagsmanna með því að bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða og fræðsluerinda. Þátttaka félagsmanna í námskeiðum og ráðstefnum félagsins var með afar góðu móti á árinu og ljóst að rafrænar lausnir í því sambandi njóta mikilla vinsælda.

Varðandi form viðburða er ljóst að viðburðir sem byggjast á gagnvirku samtali eða á vinnustofuformi eins og Hausráðstefnan ganga síður eða ekki upp á rafrænu formi. Þá þarf líka að huga að félagslega þættinum í þessu, því ekki væri gott ef við hættum alveg að hittast og því mikilvægt að mínu viti að bjóða áfram upp á námskeið og ráðstefnur þar sem fólk kemur saman.

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE

Félagið auglýsti styrki til umsókna á vordögum 2022 og í október 2022 var formlega gengið frá tveimur styrkjum samtals að fjárhæð um 1,8 milljónir króna.

Erlent samstarf

Það er mikilvægt fyrir okkur að vera í félagskap um okkar störf og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Þannig tryggjum við meðal annars tímanlegan aðgang að upplýsingum sem varða framtíðarþróun, fylgjumst með þróun og atvikið líðandi stundar ásamt því að við höfum vettvang til að láta rödd okkar heyrast.

Samvinna við Norðurlöndin í gegnum samstarfsvettvang norrænna endurskoðenda NRF er félaginu sérstaklega mikilvæg í þessu sambandi, bæði til að fylgjast með því sem er að gerast og til að láta rödd okkar heyrast. Eftir nær eingöngu rafræna fundi vegna erlendra samskipta á tímum Covid 19 hafa fundir færst yfir í það að vera blanda af rafrænum fundum og venjulegum fundum.

Húsnæðismál

Þar sem fyrirséð var að húsaleigusamningur félagsins um aðstöðu þess á Suðurlandsbrautinni rynni út í nóvember 2023 var kannað á árinu hvort að fýsilegt væri að framlengja þann samning eða hvort breyta ætti til og mögulega komast í samstarf með öðrum um húsnæði. Niðurstaða þeirra vinnu var að skynsamlegast væri að framlengja húsaleigusamning félagsins um aðstöðuna á Suðurlandsbrautinni og var það gert til þriggja ára.

Starfmannamál

Eins og flest ykkar vonandi vita hyggst Sigurður framkvæmdastjórinn okkar láta af störfum um næstu áramót eftir hartnær 14 ár í starfi. Á árinu hóf stjórnin leit að nýjum framkvæmdastjóra félagsins og fékk ráðningarstofuna Hagvang með sér í lið í þeirri leit. Þeirri vinnu lauk með því að í september síðastliðnum var gengið frá ráðningu Unnars Friðriks Pálssonar í starf framkvæmdastjóra félagsins og mun hann hefja störf núna um áramótin.

Unnar varð löggiltur endurskoðandi árið 2006. Hann hefur starfað hjá KPMG í tæplega 23 ár og verið í fastri stöðu við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2012. Í HR hefur hann kennt fjölmörg námskeið í reikningsskilum bæði í grunn- og meistaranámi í nær 20 ár.

Unnar hefur verið fulltrúi FLE í reikningsskilaráði frá árinu 2016 en var áður í reikningsskilanefnd félagsins um fjögurra ára skeið. Þá er hann einn af fulltrúum félagsins í vinnuhópi norræna endurskoðendasambandsins vegna nýrrar sjálfbærnilskipunar og hefur ásamt fleiri félagsmönnum verið í vinnuhópum um innleiðingu Evróputilskipana er varða lög um ársreikninga og sjálfbærni. Hann hefur jafnframt haldið fjölda fyrirlestra og vinnustofur hjá félaginu. Þá hefur Unnar setið í prófnefnd til löggildingar endurskoðunarstarfa frá árinu 2017.

Ég vil nota tækifærið og óska Unnari hjartanlega til hamingju með nýja starfið. Þá vil ég einnig nota tækifærið og þakka Sigurði kærlega fyrir vel unnin störf í þágu félagsins í öll þessi ár.



Lokaorð

Traust er einn af grunnþáttum sterks samfélags. Okkar hlutverk er meðal annars að skapa traust í viðskiptalífinu með fagmennsku og samræmdum vinnubrögðum. Til þess þarf sterkt fagfélag sem setur skilaboð sín fram á faglegan hátt og nær hlustum opinberra aðila og samfélagsins. Saman getum við áorkað miklu og náð framförum stéttinni til hagsbóta.

Fyrir hönd stjórnar vil ég nota tækifærið og þakka starfsmönnum félagsins fyrir afar gott samstarf. Einnig vil ég þakka öllum félagsmönnum kærlega fyrir framlag þeirra til starfsins á starfsárinu og sérstakar þakkir fá nefndarmenn í hinum ýmsu nefndum félagsins fyrir þeirra góða starf. Þá vil ég einnig þakka meðstjórnarmönnum mínum kærlega fyrir afar gott og ánægjulegt samstarf.

Hólmgrímur Bjarnason, formaður FLE

Viðburðir

Þrátt fyrir að COVID-19 sé ekki lengur að spila stóran þátt í okkar daglega lífi þá hefur þátttaka í streymi alls ekki minnkað á síðasta starfsári og eru margir sem nýta sér þann valmöguleika á okkar viðburðum. Við höfum einnig haft streymin opin í nokkra daga eftir námskeiðin og ráðstefnurnar til að koma til móts við þá sem ekki gátu mætt eða hlustað á tilteknum degi. Það hefur verið mikil ánægja með þetta skref hjá FLE og verður því vonandi haldið áfram á næsta starfsári.

Morgunkorn

Morgunkornin eru hugsuð sem fræðileg innlögn fyrirlesara sem er fylgt eftir með verkefni eða raundæmi til að auka virkni þátttakenda. Morgunkornin eru almennt haldin á Grand hóteli, hefjast með morgunmat kl. 8:00 og standa til kl. 10:00. Þar af leiðir að kornin gefa 2 endurmenntunar-einingar fyrir þátttöku. Morgunkornin á starfsárinu urðu 2 talsins eða tveimur færri en gengið var út frá í dagskránni. Ástæða fækkunar var meðal annars Eflingar verkfall starfsfólks á Grand Hótel þar sem aflýsa þurfti viðburði því ekki var hægt að þjónusta okkur á hótelinu. Samtals sóttu 46 manns þessi tvö morgunkorn sem voru haldin.

Morgunkorn um löggildingarprófin

Farið var yfir framkvæmd, þátttöku og útkomu í síðustu prófum. Í framhaldinu var svo rætt um fyrirkomulag prófanna og hvernig þau geta þróast sem og þróun náms fyrir þá sem stefna á löggildingu í endurskoðun. Leiðbeinandi var Jón Arnar Baldurs, formaður prófnefndar. Morgunkornið var um tveggja klukkustunda langt og gaf tvær einingar í endurskoðun. Þátttakendur voru 23 í það heila.

Morgunkorn – Samskipti ytri endurskoðenda og nefndarmanna í endurskoðunarnefndum

Fjallað var um rannsókn sem þeir Jón Snorri, dósent í Háskólanum á Bifröst, Einar Guðbjartsson, dósent og forstöðumaður meistaranáms í reikningsskilum og endurskoðun, viðskiptafræðideild HÍ og Eypór Ívar Jónsson, lektor CBS gerðu og snýr að samskiptum ytri endurskoðenda og nefndarmanna í endurskoðunarnefndum. Rannsóknin takmarkaðist við ETA félag. Leiðbeinendur voru þeir Jón Snorri og Einar. Morgunkornið var um tveggja klukkustunda langt og gaf tvær einingar í floknum endurskoðun. Þátttakendur voru samtals 23.



Ráðstefnur

Haldnar voru fjórar stórar ráðstefnur – eins og hefðin segir til um. Samtals fylgdust 417 með útsendingum, 290 tóku þátt á staðnum, í heildina 707 manns sem er aukning frá síðasta ári.

Reikningsskiladagur

Föstudaginn 23. september 2022 var haldin ráðstefna um reikningsskil. Ráðstefnan var haldin í Háteig á Grand hóteli Reykjavík en var jafnframt streymt í rauntíma. Ráðstefnustjóri var Gunnar Snorri Þorvarðarson, endurskoðandi. Gestir í sal voru 60 en þátttakendur í streymi voru 98, samtals 158. Ráðstefnan gaf 3 einingar í flokknum reikningsskil og fjármál. Formaður FLE, Hólmgrímur Bjarnason, setti ráðstefnuna.

- **Þorsteinn Kári Jónsson**, Director of Sustainability and Community Engagement hjá Marel Reikningsskil og alþjóðlegir staðlar vegna framsetningar skýrslu um sjálfbærni
- **Guðmundur Björgvin Helgason**, ríkisendurskoðandi Áherslur og framtíðarsýn nýkjörins ríkisendurskoðanda
- **Signý Magnúsdóttir**, frá Reikningsskilaráði Af borði Reikningsskilaráðs
- **Halldór Pálsson**, umsjónarmaður ársreikningaskrár Reglur verðbræfaeftirlits Evrópu um eftirlit með fjárhagsupplýsingum og ákvæði ársreikningalaga

Haustráðstefna

Föstudaginn 11. nóvember 2022 var haldin haustráðstefna FLE á Nordica Hótel. Að venju lagði Menntunarnefnd FLE grunn að ráðstefnunni. Ráðstefnustjóri var Gunnar Þór Tómasson, endurskoðandi. Gestir voru 134 talsins. Ráðstefnan gaf samtals 5 einingar samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda. Eina í endurskoðun, eina í reikningsskilum og síðan þrjár til viðbótar sem fór eftir vali á vinnustofum. Formaður félagsins, Hólmgrímur Bjarnason, setti ráðstefnuna og gengið var til eftirfarandi dagskrár:

- **Staða kauphallarmála, framtíðarhorfur og hvað þarf til að koma íslenskum hlutabréfamarkaði í fremstu röð**
Magnús Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland

Fjórar vinnustofur voru í boði og valdi hver og einn þrjár fyrir sig:

- **Vinnustofa 1: Arðgreiðslustofn og úthlutanir**
Unnar Friðrik Pálsson, endurskoðandi frá Reikningsskilaráði og Guðbjörg Þorsteinsdóttir, lögfræðingur og skattasérfræðingur frá Deloitte fjölluðu um tengsl reikningsskila og arðgreiðslustofns samkvæmt hlutafélagalöggjöfnni og hugmyndir og vangaveltur vinnuhópsins voru kynntar. Reikningsskilaráð skipaði vinnuhópinn vegna ákveðinnar óvissu og mismunandi túlkana á arðgreiðslustofni og annarra úthlutunarheimilda lögaðila, þar sem upplýsingar í ársreikningum eru ef til vill ekki alltaf nógu skýrar. Þessi vinnustofa gaf eina einingu í flokknum reikningsskil.
- **Vinnustofa 2: Nýir gæðastaðlar fyrir endurskoðunarfyrtæki og endurskoðuð verkefni – hverju þarf að huga að?**
Sara Arnbjörnsdóttir og Arna G. Tryggvadóttir, endurskoðendur hjá PwC fóru yfir þrjá innbyggðis tengda staðla ISQM1, ISQM2 og ISA 220 sem tóku við af fyrri staðli ISQC1 frá og með 15. des 2022. Farið var yfir helstu atriði sem þurfti að huga að í tengslum við innleiðingu þeirra. Hér var gefin ein eining í flokknum endurskoðun.
- **Vinnustofa 3: Samskipti á vinnustað – menning og liðsheild**
Anna Steinsen frá KVAN spurði félagsmenn hvort að það ætti ekki að vera gaman og gefandi að mæta í vinnuna? Til að svo sé þá þarf að vera til staðar ákveðin vinnustaðamenning sem Anna fór nánar yfir. Þeir sem völdu þessa vinnustofu fengu eina einingu í flokknum siðareglur og fagleg gildi.

- **Vinnustofa 4: Kulnun – hvernig þekki ég einkennin?**

Þorsteinn Guðmundsson og Hrafnhildur Ólafsdóttir sálfræðingar frá Áfalla- og sálfræðimiðstöðinni fjölluðu um kulnun sem hefur verið mikið til umræðu síðustu árin. Farið var yfir einkenni kulnunar í starfi, orsakir, forvarnir og hvaða leiðir eru færar til að þess að stuðla að bata.

Ein eining í flokknum síðareglur og fagleg gildi.

Skattadagur

Árleg ráðstefna um skattamál sem var haldin á Grand hóteli í Reykjavík í salnum Háteig og var einnig streymt í rauntíma, föstudaginn 20. janúar 2023. Skattanefnd sá um undirbúning dagskrár. Ráðstefnustjóri var Daníel Jón Guðjónsson, endurskoðandi. Ráðstefnan gaf 3,5 einingar í skatta- og félagarétti. Ráðstefnan var opin og þátttakendur urðu 223 talsins, af þeim voru 47 í sal en 176 í streymi. Formaður FLE, Hólmgrímur Bjarnason setti ráðstefnuna en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár.

- **Af borði Ríkisskattstjóra**

Stefán Skjaldarson, sviðsstjóri álagningarviðs, fór yfir stöðu mála hjá embættinu, helstu breytingar og fleira.

- **Hlunnindamat**

Sigurjón Högnason, lögfræðingur hjá KPMG, fjallaði um reglur hlunnindamats og hin ýmsu vandkvæði sem því tengjast.

- **Nýlegir úrskurðir og dómar**

Margrét Sigurðardóttir, lögfræðingur hjá PwC, fór yfir áhugaverða úrskurði og dóma.

- **Breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld**

Simon Jónsson, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs EY, fór yfir helstu skattalagabreytingar.

Endurskoðunardagur

Föstudaginn 5. maí var haldin ráðstefna um endurskoðun, á Grand hóteli í Reykjavík og lagði Endurskoðunarnefnd félagsins drög að efninu. Ráðstefnan var haldin í Háteig og var einnig streymt í rauntíma. Þátttakendur voru 192, af þeim voru 49 í sal en 143 í streymi. Ráðstefnan gaf samtals 3 einingar í flokknum endurskoðun samkvæmt reglum um endurmenntun. Ráðstefnustjóri var Jóhann I.C. Solomon. Formaður FLE, Hólmgrímur Bjarnason setti ráðstefnuna. Á eftir honum flutti Harpa Theodórsdóttir, fulltrúi menningar- og viðskiptaráðuneytis ávarp, en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár.

- **EU CSRD (corporate sustainability reporting directive) and other EU developments**

Olivier Boutellis-Taft, framkvæmdastjóri Accountancy Europe

- **Sjálfbæriskýrslur og óháðar staðfestingar**

Margrét Pétursdóttir, endurskoðandi hjá EY og stjórnarmaður IFAC fór yfir nýlega könnun IFAC á gerð og staðfestingum sjálfbæriskýrslna.

- **EU CSRD – Innleiðing á Íslandi**

Margrét Flóvenz, endurskoðandi, fjallaði um stöðu innleiðingar reglugerðarinnar á Íslandi.

Námskeið og fræðslufundir

Haldin voru 3 námskeið á starfsárinu sem samtals gáfu 11 einingar sem skiptust þannig endurskoðun = 6,5 reikningsskil og fjármál = 1,5 skatta- og félagaréttur = 1 og síðareglur og fagleg gildi = 2. Námskeiðin voru ýmist staðbundin, rafræn eða hvoru tveggja. Á síðasta starfsári sóttu 495 manns samtals 6 námskeið en 220 sóttu námskeiðin þrjú á þessu starfsári.



Yfirferð löggildingarprófa frá 2021

Á fyrsta námskeiði starfsársins 6. september, var verkefnið að fara yfir löggildingarprófin 2021 sem gert var í samstarfi við prófnefnd um löggildingarpróf. Fjallað var um prófið samkvæmt reglugerð og úrlausn þess. Námskeiðið var fyrir alla en þó sérstaklega höfðaði það til nema í endurskoðun sem hyggjast þreyta prófið að hausti. Endurskoðendur voru að sama skapi velkomnir. Þátttakendur voru 54 talsins, en námskeiðið var haldið á Grand hóteli. Prófgerðarmenn fóru yfir og skýrðu lausnir. Með vísan til reglugerðar um endurmenntun endurskoðenda gefur námskeiðið 5 endurmenntunareiningar sem skiptast þannig: skatta- og félagaréttur 1 eining, endurskoðun 2,5 einingar, reikningsskil 1,5 einingar.

Gátlistar í gæðaeftirliti

Námskeiðið var haldið á Grand hóteli, fimmtudaginn 22. september. Leiðbeinendur voru Pálína Árnadóttir og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, endurskoðendur. Námskeiðið gaf 3 endurmenntunareiningar í flokknum endurskoðun. Þátttakendur voru alls 54 en einungis 5 af þeim mættu á staðinn en hinir 49 voru í streymi.

Námskeiðslýsing:

Á þessu námskeiði var farið yfir listana, helstu áhersluatriði og undirbúning þess sem sætir eftirliti. Gátlistarnir eru samtals fjórir og var farið yfir þá alla á þessu námskeiði.

- Gátlisti 1 Innra skipulag og gæðakerfi
- Gátlisti 2 Einstök verkefni
- Gátlisti 3 Endurmenntun
- Gátlisti 4 Varnir gegn peningabætti

Spilling og mútubrot

Námskeið – 19. janúar, daginn fyrir Reikningsskiladag. Leiðbeinendur voru þeir Helgi Magnús Gunnarsson, vararíkissaksóknari og Pétur Hansson, endurskoðandi. Þátttaka var samtals 112 manns. Streymi var í boði á þessu námskeiði og nýttu 96 manns sér það en þeir sem mættu á Grand voru 16 talsins. Námskeiðið gaf 3 einingar, tvær í flokknum siðareglur og fagleg gildi og ein í flokknum endurskoðun.

Námskeiðslýsing:

Fjallað var um aðgerðir stjórnvalda, lagafyrirmæli og þá alþjóðlegu sáttmála sem við höfum undirgengist. Einnig var fjallað um ábyrgð og skyldur endurskoðenda í þessum efnunum og hvernig bregðast skuli við ef við verðum áskynja um slík atriði í okkar starfi.

Sérstakir viðburðir / námskeið

Gleðistund

Að loknum Reikningsskiladegi var haldið í Hvamm á Grand Hóteli þar sem gleðistundin fór fram. Boðið var upp á léttar veitingar og skemmti Páll Óskar ásamt því að Ungliðanefnd FLE var með eitt og annað í pokahorninu.

Að taka löggildingarpróf

Þann 1. júní 2023 var námskeið sem ætlað er nemum, um undirbúning og próftöku löggildingarprófa. Farið var yfir hagnýt atriði er varða undirbúning fyrir löggildingarpróf og hvernig best er að haga vinnubrögðum í prófunum sjálfum. Leiðbeinandi var Eiríkur Kristófersson endurskoðandi. Prettán namar tóku þátt og mættu 11 á námskeiðið sem haldið var í aðstöðu FLE en tveir voru með í streymi.

Störf fastanefnda

Innan félagsins eru starfandi sex fastanefndir. Nefndirnar eru; álitsnefnd, endurskoðunarnefnd, gæðanefnd, menntunarnefnd, reikningsskilanefnd og skattanefnd.

Álitsnefnd

Hér má sjá þau álitsmál sem borist hafa félaginu á starfsárinu 2022-2023 oftast frá Nefnda- og greiningarsviði Alþingis. Engar umsagnir voru veittar á starfsárinu.

Umsögn	Málsnúmer	Málefni
	03-2022	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023, 2. mál
	04-2022	Frumvarp til laga um hlutafélög (hluthafafundur ofl.), 228. mál
	01-2023	Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 103. mál
	02-2023	Frumvarp til laga um rafrænar skuldaviðurkenningar, 980. mál
	03-2023	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum ársreikninga, 981. mál

Endurskoðunarnefnd

Á starfsárinu 2022-2023 hittist nefndin átta sinnum en auk þess var haldinn sérstakur fundur með Endurskoðendaráði tengt fyrirkomulagi og framkvæmd gæðaeftirlits á endurskoðunarfyrtækjum.

Nefndin fór yfir margvísleg málefni á árinu og má þar meðal annars nefna yfirferð á innleiðingu á nýjum gæðastöðlum ISQM 1 og ISQM 2 sem komu í stað fyrrum gæðastaðals ISQC 1, ásamt ISA 220 (revised) sem tóku allir gildi 15. september 2022. Endurskoðunarnefnd FLE kom með innlegg í Haustráðstefnu FLE sem haldin var 11. nóvember 2022 þar sem Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir og Arna G. Tryggvadóttir héldu vinnustofu tengt þessum nýju og uppfærðu gæðastöðlum.

Í mars 2023 var haldinn fundur með Endurskoðendaráði þar sem farið var yfir fyrirkomulag og framkvæmd gæðaeftirlits en einnig kom til umræðu þörfin á nýliðun innan stéttarinnar og hvað hægt væri að gera til að auka ásókn inn í háskólanámið, en aldrei fyrr hafa jafn fáir verið skráðir í meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun.

Mikið var rætt um ófjárhagslegar upplýsingar og sjálfbærnisráðgjafur meðal nefndarmanna og hvernig skuli staðfesta slíkar upplýsingar í ársreikningum félaga. Þessi málefni endurspegluðu að mestu dagskrá Endurskoðunardags FLE þann 5. maí 2023, en nefndin hefur undanfarin ár staðið að þeim viðburði í góðri samvinnu við framkvæmdastjóra félagsins. Á endurskoðunardeginum fjallaði Oliver Boutellis-Taft, framkvæmdastjóri Accountancy Europe um EU CSRD tilskipun sjálfbærnisráðgjafur og þróun innan EU. Margrét Pétursdóttir fór yfir nýlega könnun IFAC á gerð og staðfestingum sjálfbærnisráðgjafur og hver staðan væri á vinnu IAASB við gerð nýrra staðla er snúa að staðfestingum þeirra. Margrét Flóvenz endaði ráðstefnuna með umfjöllun á stöðu innleiðingar reglugerðar EU CSRD á Íslandi og tengdum álitamálum.

Á borð nefndarinnar komu einnig fyrirmyndarátitanir sem eru að finna á heimasíðu FLE en þörf var á uppfærslu þeirra tengd m.a. skráðum félögum, lykilatriðum í endurskoðun (e. Key Audit Matter / KAM) og kröfu um rafrænt skýrsluform (e. European Single Electronic Format / ESEF). Nefndin sá um uppfærslu á áritunum á bæði skráð og óskráð félög sem og uppfærði áritun á óendurskoðuð reikningsskil tengt gerð og framsetningu ársreikninga. Uppfærðar áritanir er nú að finna á innri vef FLE.

Næstu skref nefndarinnar munu m.a. beinast að staðfestingarstöðlum eins og ISRS 4400, ISRS 4410 og ISAE 3000 þar sem þörf er á að setja ramma varðandi hvenær skuli nota tiltekna staðla. Ekki er ljóst á gildandi lagaumhverfi hvernig skuli staðfesta ýmsar upplýsingar m.a. tengt samruna félaga, skiptingum eða breytingum á hlutafé félaga. Það verður spennandi að sjá hvaða önnur verkefni koma inn á borð nefndarinnar á næsta starfsári en þar sem þetta er mitt síðasta ár sem formaður endurskoðunarnefndar FLE fæ ég að fylgjast með úr fjarlægð og vil þakka öðrum nefndarmönnum og framkvæmdastjóra FLE fyrir ánægjulegt samstarf síðastliðin fjögur ár.



Gæðanefnd

Vegna breytinga á lögum og yfirfærslu gæðaeftirlits til Endurskoðendaráðs, hafa engin mál ratað inn á borð nefndarinnar. Nefndin hefur því eingöngu starfað að nafninu til þetta starfsár.

Menntunarnefnd

Helstu verkefni nefndarinnar voru að hafa yfirumsjón með framboði á námskeiðum og ráðstefnum á vegum FLE ásamt því að undirbúa árlega haustráðstefnu félagsins.

Haustráðstefna félagsins var haldin föstudaginn 11. nóvember 2022 og tókst vel. Fyrirkomulag haustráðstefnunnar hefur fallið vel í félagsmenn og telur nefndin rétt að halda áfram með sama fyrirkomulag og á fyrri árum.

Á starfsárinu bárust nefndinni hugmyndir um breytingar á löggildingarprófunum. Skoðað var hvort að núverandi prófafyrirkomulag væri hentugt og þá hvað ætti að breyta. Til að mynda var rætt að breyta lágmarkseinkunn til að hljóta löggildingu til endurskoðunarstarfa, en engar niðurstöður lágu fyrir á starfsárinu. Um er að ræða mikið hagsmunamál fyrir væntanlega endurskoðendur svo og félagsmenn alla.

Til hefur staðið að kynna störf löggiltra endurskoðanda meðal nemenda háskólanna. Með slíkum kynningum munum við halda áfram að laða til okkur hæfileikaríka einstaklinga í stéttina. Er það von nefndarinnar að slíkar heimsóknir geti átt sér stað á haustmánuðum 2023.

Nefndin vill sérstaklega þakka starfsmönnum FLE, þeim Sigríði og Sigurði fyrir samstarfið á liðnu starfsári.

Reikningsskilanefnd

Störf reikningsskilanefndar á árinu voru viðburðarík sem fyrir.

Reikningsskilanefnd átti nokkra góða fundi með Reikningsskilaráði á árinu, og fagnar áframhaldandi samstarfi með ráðinu. Á meðal þess sem var rætt voru ábendingar nefndarinnar varðandi betrum bætur á lögum um ársreikninga og reglugerð um innihald og framsetningu ársreikninga.

Reikningsskilanefnd stóð sem fyrir fyrir reikningsskiladeginum í október þar sem sjálfbærnimál og reikningsskil fyrir opinbera aðila voru í brennidepli, ásamt því að meðlimir reikningsskilaráðs fóru yfir helstu verkefni ráðsins.

Skattanefnd

Eins og undanfarin ár var helsta verkefni nefndarinnar að undirbúa Skattadag FLE sem að þessu sinni var haldinn þann 20. janúar. Kenndi þar ýmissa grasa eins og svo oft áður; formaðurinn, Hólmgrímur Bjarnason, setti ráðstefnuna og fól að því loknu Daníel Jóni Guðjónssyni fundarstjórn. Stefán Skjaldarson, sviðsstjóri álagningar sviðs Skattsins fór yfir stöðu mála hjá embættinu og Sigurjón Högnason hjá KPMG flutti erindi um hlunnindamat og reifaði helstu breytingar sem hafa átt sér stað á því sviði undanfarið. Margrét Sigurðardóttir frá PwC fór yfir áhugaverða úrskurði og dóma áður en Símon Þór Jónsson lögfræðingur hjá EY sló botninn í ráðstefnuna með því að fara yfir helstu skattalagabreytingar.

Í maí hélt Steingrímur Sigfússon á fund Ríkisskattstjóra ásamt Sigurði framkvæmdastjóra FLE, Krístrúnu Helgu Ingólfssdóttur varaformanni og Eymundi Sveini Einarssyni stjórnarmanni. Þar var farið yfir ýmis mál varðandi skil framtala og ársreikninga.

Kjartan Arnfinnsson tók í lok september þátt í spjallstofu fyrir nema sem hyggjast þreyta próf til löggildingar, þar sem þeim gafst færi á að leita í viskubrunn Skattanefndarinnar.

Skattanefndin var skipuð þeim, Kjartani Arnfinnssyni sem var formaður, Önnu Þóru Benediktsdóttur, Daníel Jóni Guðjónssyni og Steingrími Sigfússyni.



Aðrar nefndir og starfshópar

Uppstillingarnefnd

Verkefni nefndarinnar er að leggja fram tillögur til aðalfundar um félagsmenn til setu í stjórn og fastanefndum félagsins. Á aðalfundi félagsins 2022 var Uppstillingarnefnd sammála um tillögur og hlutu allir sem tilnefndir voru kosningu án mótframboðs.

Ritnefnd

Ritnefnd hefur verið skipuð af stjórn félagsins en hlutverk hennar er efnisöflun og ritstjórn FLE blaðsins. Nefndin vann frá tímabilinu september til janúar en blaðið kom út í byrjun mars. Blaðið var með sama sniði og áður, þar sem fjallað er um efni sem tengist endurskoðun, reikningshaldi og skattamálum ásamt umfjöllun úr félagsstarfinu og frá félagsmönnum. Við efnisöflun var leitað til aðila innan og utan stéttarinnar auk þess sem félagsmenn voru hvattir til að senda inn greinar til birtingar í blaðinu.

Ungliðanefnd

Hlutverk nefndarinnar er að koma að ýmsum málum með það að markmiði að efla þátttöku yngri endurskoðenda í faglegu og félagslegu tilliti. Að álitum stjórnar er það afar mikilvægt að auka aðkomu yngri félagsmanna, bæði til að efla þátttöku þeirra og eins til að vera til aðstoðar á kynningum á starfinu fyrir ungu fólki. Eitt helsta verkefni nefndarinnar er að skipuleggja gleðistund í september og er það mál manna að vel hafi tekist til.

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE

Sjóðurinn var stofnaður árið 2003, en fjárhagur félagsins þótti allgóður á þeim tíma. Lagði stjórn félagsins fram tillögu þess efnis að hluti fjármuna yrði varið í að treysta menntunargrundvöll endurskoðenda með því að veita styrki til framhaldsnáms í endurskoðun og reikningshaldi. Síðar var gert mögulegt að veita styrki til rannsókna á þessu sviði líka.

Markmið Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðsins er að:

- Styrkja bóklega menntun endurskoðenda með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningskilum eða styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.
- Veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um efnið, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess.

Tvær umsóknir um styrki voru afgreiddar á starfsárinu, eins og fram kemur í ársreikningi sjóðsins.

Erlend samskipti

Norræna endurskoðendasambandið (NRF)

Norræna endurskoðendasambandið (NRF) var stofnað árið 1931 og telst það vera elstu samtök endurskoðenda í heiminum. FLE varð aðili að sambandinu á árinu 1939. Meginhlutverk NRF er að vera sameiginlegur vettvangur aðildarfélaganna til að vinna að faglegri framþróun á sviði endurskoðunar og einnig að gera yfirvöldum og öðrum í löndunum grein fyrir samfélagslegu mikilvægi endurskoðendastarfsins. Til að styrkja stöðu norræna endurskoðenda þá hefur NRF leitast við að koma fram sem einn aðili fyrir hönd þeirra á alþjóðavettvangi svo sem hjá Evrópusambandi endurskoðenda (Accountancy Europe-ACE) og Alþjóðasambandi endurskoðenda (IFAC). Öllu jöfnu eru haldnir einn til tveir formannafundir á ári svo og ársfundur, sem formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri FLE sækja. Framkvæmdastjórar norræna félaganna halda einnig reglulega fundi til að ræða málefni endurskoðenda sem og markverða atburði sem varða störf þeirra í hverju landi fyrir sig.



Ársfundur NRF er að venju haldinn árlega í ágúst og var að þessu sinni haldinn í Finnlandi. Samkvæmt samþykktum NRF eiga þrjú fulltrúar frá hverju Norðurlandanna rétt á setu á fundinum, formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. Að venju sátu margir góðir gestir ársfundinn. Þar ber helst að nefna Kevin Dancey framkvæmdastjóra IFAC, Margréti Pétursdóttir fulltrúa NRF í stjórn IFAC, Tom Seidenstein formann IAASB, Kai Morten Hagen fulltrúa NRF í IAASB, Tapani Vuopala fulltrúa NRF í IFAC SMPAG, Ken Siong frá IESBA, Mark Vaessen forseti ACE og Nina Rafen fulltrúa NRF í stjórn ACE.

NRF er stjórnað af forseta þess kjörnum á aðalfundi og var Hans Warén formaður sænska endurskoðendasambandsins kjörinn forseti NRF til ársins 2024. Framkvæmdastjóri NRF er Helene Agéllí og er hún með starfsaðstöðu hjá sænska endurskoðendasambandinu (FAR).

Evrópusamband endurskoðenda (Accountancy Europe)

Evrópusamband endurskoðenda (ACE) er samband endurskoðendafélaga í Evrópu. Innan vébanda þess eru 50 aðildarfélög frá 35 löndum, þar af eru 28 þeirra í Evrópusambandinu. Undir merkjum ACE eru um 1.000.000 félagsmenn. Af þeim eru um 45% starfandi í faginu og veita víðtæka þjónustu til fyrirtækja og stofnana af ýmsum stærðum og gerðum. Hin 55% félagsmanna eru við ýmis störf í verslun, iðnaði, hjá hinu opinbera og í menntakerfinu.

Eins og áður kom fram, hafa félögin á Norðurlöndum staðið sameiginlega að þátttöku í ACE með því að standa saman að framboði í nefndir á vegum ACE. Þá hefur framkvæmdastjóri NRF á hverjum tíma haft það hlutverk að koma fram fyrir hönd allra félaganna gagnvart ACE.

Accountancy Europe er málsvari fjölda sameiginlegra hagsmunamála endurskoðenda innan Evrópu. Má þar til dæmis nefna sérfræðiálit og samræmingu ýmiss konar sem tengist reikningsskilum, endurskoðun og skattamálum, en það hefur sýnt sig að talsverðan munur er að finna innan þessara málaflokka hjá Evrópuþjóðum. Innan ACE starfa eftirfarandi vinnuhópar eða nefndir:

- AML working party
- Auditing working party
- Company law and corporate governance working party
- Corporate reporting policy group
 - Accounting working party
 - Banks working party
 - Capital markets working party
 - Insurance working party
- Professional ethics and competences working party
- Public sector working party
- SMP forum
- Sustainability group
- Tax policy
 - Direct tax working party
 - Indirect tax working party

Núverandi forseti Accountancy Europe er Mark Vaessen frá Hollandi, en hann var kosinn sem forseti til næstu tveggja ára á aðalfundi samtakanna í desember 2022. Fulltrúi NRF í framkvæmdastjórn ACE er Nina Rafen frá Noregi. Heimasíðu ACE má finna á <http://www.accountancyeurope.be> og eru endurskoðendur hvattir til að kynna sér heimasíðuna.

Alþjóðasamband endurskoðenda (IFAC)

IFAC – (The International Federation of Accountants) Alþjóðasamband endurskoðenda var formlega stofnað á ráðstefnu endurskoðenda í München árið 1977. Til IFAC teljast nú 180 félög frá 135 löndum með um 3 milljónir endurskoðenda og sérfræðinga á sviði endurskoðunar og reikningshalds innan sinna vébanda sem ýmist starfa sem endurskoðendur, í háskólaumhverfinu, hjá hinu opinbera eða á hinum frjálsa vinnumarkaði. Stjórn IFAC samanstendur af 21 fulltrúa frá 18 aðildarsamtökum. Margrét Pétursdóttir situr í stjórn IFAC sem fulltrúi NRF og er hún kjörin til þriggja ára eða til ársins 2025. Framkvæmdastjóri er Kevin Dancey frá Kanada.



Markmið IFAC er að viðhalda sífældri þróun stéttarinnar og samræma staðla sem endurskoðendur starfa eftir. Með því má tryggja að störf endurskoðenda í þágu samfélagsins verði alltaf í hæsta gæðaflokki.

Til að ná fram markmiðum IFAC starfa ýmsar fastanefndir og vinnuhópar. Fastanefndirnar hafa hver um sig skilgreind hlutverk. Nefndirnar eru:

Compliance Advisory Panel	Professional Acc. Organization Development Committee	International Accounting Education Standard Board (IAESB)
International Auditing and Assurance Standard Board (IAASB)	International Ethics Standards Board for Accountants (IESBA)	International Public Sector Accounting Standards Board (IPSASB)
Transnational Auditors Committee	Professional Accountants in Business Committee	Small and Medium Practices Committee

Stjórn IFAC í samstarfi við fastanefndir og vinnuhópa gefur út staðla á eftirfarandi sviðum:

- International Standards on Auditing, Assurance Engagements and Related Services
- International Standards on Quality Control
- International Code of Ethics
- International Education Standards
- International Public Sector Accounting Standards

Núverandi forseti sambandsins er Asmaa Resmouki frá Monaco. IFAC gefur út mikið af lefni sem unnt er að nálgast á heimasíðu samtakanna <http://www.ifac.org> Á heimasíðunni eru upplýsingar um aðildarfélag IFAC og fleira sem fróðlegt er að skoða.

Alþjóða reikningsskilastofnunin (IASB)

Í skipulagsskrá IASC Foundation sem var síðast breytt á árinu 2005 kemur fram að nafn og tilgangur stofnunarinnar er eftirfarandi:

1. The name of the organisation shall be the International Accounting Standards Committee Foundation (abbreviated as "IASC Foundation"). The International Accounting Standards Board (abbreviated as "IASB") shall be the standard-setting body of the IASC Foundation.
2. The objectives of the IASC Foundation are:
 - (a) to develop, in the public interest, a single set of high quality, understandable and enforceable global accounting standards that require high quality, transparent and comparable information in financial statements and other financial reporting to help participants in the world's capital markets and other users make economic decisions;
 - (b) to promote the use and rigorous application of those standards; and
 - (c) in fulfilling the objectives associated with (a) and (b), to take account of, as appropriate, the special needs of small and medium-sized entities and emerging economies; and
 - (d) to bring about convergence of national accounting standards and International Accounting Standards and International Financial Reporting Standards to high quality solutions.

Í stuttu máli er IASC Foundation sett stjórn (Trustees) sem í sitja tuttugu og tveir einstaklingar frá hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins og frá öllum heimsálfum. Stjórninni er ætlað að skipa fulltrúa alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (IASB), ráðgjafanefndar (Standards Advisory Council) og nefndar sem ætlað er að túlka reikningsskilastaðlana (International Financial Reporting Interpretations Committee).



Í alþjóðlegu reikningsskilanefndina sjálfa (IASB) eru skipaðir fimmtán einstaklingar og hafa tólf þeirra nefndarstörfin að aðalstarfi en tveir sem hlutastarf. Formaður nefndarinnar er Andreas Barckow frá Þýskalandi.

Heimasíðu IASC Foundation og IASB má finna á <http://iasb.org.uk> og eru endurskoðendur hvattir til að kynna sér hana. Útgáfustarfsemi IASB er umtalsverð og er pósthafið: publications@iasb.org.uk

Endurskoðendaráð

Samkvæmt 34. grein laga 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun skal ráðherra skipa þrjú einstaklinga í Endurskoðendaráð og jafn marga til vara til fjögurra ára í senn og skulu þeir hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun. Endurskoðendaráð var því skipað í desember 2019 í samræmi við ný lög og er skipunin til fjögurra ára. Eftirfarandi aðilar eiga sæti í ráðinu:

Aðalmenn

Áslaug Árnadóttir **formaður**
Hildur Árnadóttir
Jón Arnar Baldurs

Varamenn

Anna Mjöll Karlsdóttir **varamaður formanns**
Jóhann Gunnar Jóhannsson
Birgir Grétar Haraldsson

Hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, siðareglur endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda, eins og fram kemur í 35. grein laganna.

Í eftirlitinu felst ábyrgð á:

1. löggildingu endurskoðenda og starfsleyfum endurskoðunarfyrtækja,
2. beitingu viðurlaga
3. eftirliti með gæðakerfi endurskoðunarfyrtækja og
4. gæðaeftirliti skv. VII. kafla laganna.







Í eftirlitinu felst einnig ábyrgð á eftirfylgni með:

1. því að kröfum um óhæði skv. V. kafla laganna sé fylgt,
2. innleiðingu góðrar endurskoðunarvenju og siðareglum endurskoðenda,
3. kröfum um endurmenntun skv. 9. gr. laganna og
4. starfsábyrgðartryggingu skv. 8. gr. laganna.

Sjá nánar á vefsíðu ráðsins www.endurskodendarad.is



Félagsmönnum í FLE hefur fjölgað um fimm frá því í fyrra. Félagaskrá er að finna á vef FLE, en eftirfarandi gröf og tafla gefur yfirlit um breytingar á félagsaðild.





Félag lögiltra endurskoðenda (FLE) Skipting félagsmanna 31. ágúst 2023			
Félagsmenn FLE	2020-21	2021-22	2022-23
Félagsmenn í heild - endurskoðendur og nemar	420	423	428
Félagsmenn FLE - endurskoðendur	400	403	407
Karlar	291	291	291
Konur	109	112	116
Hjá endurskoðunarfyrirtæki	233	231	207
Utan endurskoðunarfyrirtækis	167	172	200
Fjögur stærstu endurskoðunarfyrirtækin	151	155	133
Innlögð réttindi	90	96	97
Gjaldfríir	52	60	64
Sundurliðun endurskoðenda eftir kyni			
Karlar hjá endurskoðunarfyrirtæki	174	170	145
Karlar utan endurskoðunarfyrirtækis	117	121	146
Karlar hjá fjórum stærstu	101	102	83
Karlar með innlögð réttindi	74	81	80
Karlar gjaldfríir	49	57	61
Konur hjá endurskoðunarfyrirtæki	59	61	62
Konur utan endurskoðunarfyrirtækis	50	51	54
Konur hjá fjórum stærstu	50	53	50
Konur með innlögð réttindi	16	15	17
Konur gjaldfríar	3	3	3
Breytingar á árinu - endurskoðendur			
Hættir á árinu	1	3	6
Látnir á árinu	2	3	3
Nýir endurskoðendur	6	8	14
Nemar með félagsaðild	20	20	21
Karlar	10	11	16
Konur	10	9	5



Löggildingarpróf

Endurskoðendaráð afhenti nýútskrifuðum endurskoðendum löggildingarskírteini sín þann 14. desember 2022. Það voru 28 sem þreyttu prófið í endurskoðun og reikningsskilum og af þeim voru fjórtán sem stóðust prófið. Þá voru 26 sem þreyttu prófið í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum og sextán manns stóðust það.

Af þeim sem fóru í bæði prófin voru það fjórtán sem stóðust, kynjahlutfall er jafnt og hafa þau öll gengið í félagið. Við óskum nýjum löggiltum endurskoðendum til hamingju með áfangann og bjóðum þau velkomin, en þau eru:

Albert Jóhannsson, KPMG
Ármann Steinar Gunnarsson, PwC
Einar Örn Sigurjónsson, Deloitte
Eiríkur Kristófersson, PwC
Elín Edda Angantýsdóttir, Sýn (KPMG)
Gerður Þóra Björnsdóttir, KPMG
Helena Rós Sigurðardóttir, KPMG
Karl Óskar Þráinsson, BDO
Lilja Brandsdóttir, EY
Rebekka Helga Pálsdóttir, Icelandair (PwC)
Sigríður Ellen Arnardóttir, KPMG
Sigurjón Oddsson, BDO
Svanhildur Skúladóttir, KPMG
Sævar Þór Stefánsson, DFK (PwC)





Félag löggiltra endurskoðenda

Ársreikningur starfsárið

1. september 2022- 31. ágúst 2023





Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félag löggiltra endurskoðenda er félag þeirra sem hafa réttindi sem endurskoðendur samkvæmt íslenskum lögum eða hafa hlotið sambærileg réttindi og hafa fengið félagsaðild.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema gjöld umfram tekjur kr. 2.759.961 rekstrarárið 1. september 2022 til 31. ágúst 2023. Eigið fé félagsins þann 31. ágúst 2023 nam kr. 42.121.669, en nam kr 44.881.630 í upphafi rekstrarársins. Gjöldum umfram tekjur rekstrarársins verður ráðstafað til næsta árs til að vinna að tilgangi þess líkt og kveðið er á um í samþykktum. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á rekstrarárinu.

Félagsmenn voru 428 þann 31. ágúst 2023, þar af 21 nemi, sem er fjölgun um 5 félagsmenn frá fyrra ári.

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. september 2022 til 31. ágúst 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 1. nóvember 2023

Stjórn:

Hólmgrímur Bjarnason

Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Ingunn Hauksdóttir

Eymundur Einarsson

Sighvatur Halldórsson

Framkvæmdastjóri:

Sigurður B. Arnþórsson



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi löggiltra endurskoðanda

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags löggiltra endurskoðanda fyrir starfsárið 1. september 2022 til 31. ágúst 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á starfsárinu, efnahag þess 31. ágúst 2023 og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð minni samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Aðrar upplýsingar

Álit mitt nær ekki yfir aðrar upplýsingar sem félagið gefur út aðrar en ársreikninginn sjálfan og áritun á hann. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir þar með talið öllum upplýsingum í ársskýrslu félagsins. Félagið mun afhenta mér ársskýrsluna eftir að ég árita ársreikninginn en vinna mín í tengslum við endurskoðunina mun felast í athugun á því hvort að til staðar sé ósamræmi á milli ársskýrslunnar og ársreikningsins. Sú athugun byggir meðal annars á þeirri þekkingu sem ég hef aflað í endurskoðuninni. Ef upp kemst um verulegar villur eða ósamræmi á milli ársskýrslu og ársreikningsins, mun ég koma því á framfæri til stjórnar félagsins og ég mun beita viðeigandi aðgerðum ef slíkar aðstæður koma upp og ég tel þær vera vísitandi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórnin skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið með endurskoðuninni er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra anmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt.

Nægjanlega víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og er beitt faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Eftirfarandi atriði voru einnig hluti af endurskoðun okkar:



Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðuninni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Upplýsingar sem við höfum afhent stjórn og framkvæmdastjóra eftir endurskoðunina er í samræmi við áritun okkar.

Ég var kjörinn endurskoðandi félagsins í nóvember 2017 en þetta er sjötti ársreikningurinn sem ég hef endurskoðað.

Grant Thornton

Davíð Arnar Einarsson

Löggiltur endurskoðandi

Reykjavík 1. nóvember 2023



Rekstrarreikningur 1. september 2022- 31. ágúst 2023

	2022-2023	Áætlun 2022-2023	2021-2022
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld	45.878.000	45.402.000	42.313.000
Tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi	25.111.000	25.251.000	23.609.000
Aðrar tekjur	299.781	350.000	338.230
	<u>71.288.781</u>	<u>71.003.000</u>	<u>66.260.230</u>
Rekstrargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	49.225.402	45.130.000	43.187.484
Húsnæðiskostnaður	6.287.643	6.507.000	5.629.089
Ráðstefnu- og námskeiðahald	9.156.942	10.955.000	9.440.514
Upplýsingamiðlun og markaðsmál	1.729.527	2.650.000	4.166.925
Erlent samstarf	9.949.018	9.810.000	7.834.848
	<u>76.348.532</u>	<u>75.052.000</u>	<u>70.258.860</u>
Rekstrartap	(5.059.751)	(4.049.000)	(3.998.630)
Fjáreignatekjur	<u>2.299.790</u>	<u>500.000</u>	<u>711.772</u>
Gjöld umfram tekjur á rekstrarárinu	<u>(2.759.961)</u>	<u>(3.549.000)</u>	<u>(3.286.858)</u>



Efnahagsreikningur 31. ágúst 2023

Eignir	Skýr	31.8.2023	31.8.2022
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	4	162.575	77.800
Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur		2.673.392	3.907.080
Handbært fé		43.306.438	47.937.404
Eignir		<u>46.142.405</u>	<u>51.922.284</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	6	<u>42.121.669</u>	<u>44.881.630</u>
 Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>4.020.736</u>	<u>7.040.654</u>
Eigið fé og skuldir		<u>46.142.405</u>	<u>51.922.284</u>



Yfirlit um sjóðstreymi 1. september 2022- 31. ágúst 2023

	2022-2023	2021-2022
Rekstrarhreyfingar:		
Tekjur umfram (gjöld) á rekstrarárinu	(2.759.961)	(3.286.858)
Rekstartengdar eignir, (hækkun) lækkun	(2.759.961)	(3.286.858)
Rekstartengdar skuldir, hækkun (lækkun)	1.148.913	(3.481.865)
	(3.019.918)	2.922.351
Handbært fé til rekstrar	(4.630.966)	(3.846.372)
Breyting á handbæru fé	(4.630.966)	(3.846.372)
Handbært fé í byrjun rekstrarársins	47.937.404	51.783.776
Handbært fé í lok rekstrarársins	43.306.438	47.937.404



Skýringar

1. Starfsemi

Félag löggiltra endurskoðenda er félag þeirra sem hafa réttindi sem endurskoðendur samkvæmt íslenskum lögum. Félagið er fjármagnað með félagsgjöldum auk þess að standa fyrir ráðstefnu- og námskeiðshaldi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Reikningsár félagsins er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi þann 31. ágúst 2022. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af námskeiðshaldi og félagsgjöld eru færð þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur vegna þjónustu eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.



Skýringar, frh.:

3. Starfsmannamál

Hjá félaginu starfa tveir starfsmenn í fullu starfi. Heildarlaun ásamt bifreiðastyrk námu kr. 36.008.494. Launatengd gjöld ásamt breytingu á áföllu orlofi námu kr. 8.516.122.

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

5. Húsaleiga

Félagið hefur gert leigusamning til 3 ára, en samningurinn tók gildi 1. desember 2023 og lýkur 30. nóvember 2026 án sérstakrar uppsagnar.

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Staða 1.9.2022	44.881.630
Gjöld umfram tekjur	(2.759.961)
Staða 31.8.2023	<u>42.121.669</u>



Sundurliðanir

	2022-2023	2021-2022
Félagsgjöld:		
Fullt gjald	42.000.000	39.193.000
Hálft gjald	2.310.000	2.080.000
Inntökugjald	980.000	520.000
Nemagjald	588.000	520.000
	<u>45.878.000</u>	<u>42.313.000</u>
Tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi:		
Ráðstefnur	18.475.000	13.287.000
Námskeið og morgunkorn	6.636.000	10.322.000
	<u>25.111.000</u>	<u>23.609.000</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:		
Laun og launatengd gjöld	44.524.616	37.909.765
Annar starfsmannakostnaður	448.810	649.900
Ritföng, pappír og prentun	112.795	6.502
Burðargjöld	0	9.993
Símakostnaður	319.522	285.447
Tryggingar	608.095	603.179
Smááhöld og viðhald	146.219	1.484.482
Kostnaður vegna stjórnar og nefnda	1.226.731	984.511
Bankakostnaður	158.098	185.601
Hreinlætisvörur og kaffi	741.319	606.480
Tímarit og áskriftir	83.484	80.434
Lækkun niðurfærslu viðskiptakrafna	0	(130.200)
Endurskoðun	695.573	498.250
Annar kostnaður	160.140	13.140
	<u>49.225.402</u>	<u>43.187.484</u>



Sundurliðanir, frh.:

	2022-2023	2021-2022
Húsnæðiskostnaður:		
Húsaleiga	5.906.076	5.271.984
Annar húsnæðiskostnaður	381.567	357.105
	<u>6.287.643</u>	<u>5.629.089</u>
Ráðstefnu- og námskeiðahald:		
Ráðstefnur	4.414.155	3.996.964
Námskeið og morgunkorn	4.742.787	5.443.550
	<u>9.156.942</u>	<u>9.440.514</u>
Upplýsingamiðlun og markaðsmál:		
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	924.730	1.720.618
FLE - fréttir	737.507	684.804
Önnur aðkeypt þjónusta	67.290	1.761.503
	<u>1.729.527</u>	<u>4.166.925</u>
Erlent samstarf:		
Árgjald AE	3.125.130	2.965.468
Árgjald IFAC	1.587.813	1.541.238
Ferðakostnaður vegna funda erlendis	326.336	227.870
NRF	4.909.739	3.100.272
	<u>9.949.018</u>	<u>7.834.848</u>



Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður
Félags löggiltra endurskoðenda

Ársreikningur starfsárið
1. september 2022- 31. ágúst 2023





Áritun stjórnar

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður Félags löggiltra endurskoðenda var stofnaður á félagsfundi þann 4. júní 2003. Markmið sjóðsins er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningssskilum eða með því að styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.

Einnig er markmið sjóðsins að veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um endurskoðun og reikningshald, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess. Stjórn sjóðsins er heimilt að úthluta bæði höfuðstól sjóðsins og ávöxtun hans.

Á starfsárinu samþykkti stjórn sjóðsins tvær umsóknir um styrki að fjárhæð kr 2.000.000. Annars vegar styrk til Háskólans á Bifröst til rannsóknar á samskiptum endurskoðenda við endurskoðunarnefndir kr. 1.200.000 og hinsvegar styrk til HÍ til rannsóknar og ráðstefnu vegna sjálfbærniupplýsinga kr. 800.000. Á starfsárinu voru greiddir styrkir kr. 1.800.000. Eftirstöðvar samþykktra styrkja eru kr. 1.200.000 sem verða greiddir á næsta ári eftir framvindu rannsókna styrkþega.

Stjórn Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs Félags löggiltra endurskoðenda staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir starfsárið 1. september 2022 til 31. ágúst 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. nóvember 2023.

Stjórn:

Hólmgrímur Bjarnason

Arna G. Tryggvadóttir

Jón Sturla Jónsson



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs og félagsmanna í Félagi löggiltra endurskoðanda

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs Félags löggiltra endurskoðanda fyrir starfsárið 1. september 2022 til 31. ágúst 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á starfsárinu, efnahag hans 31. ágúst 2023 og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð minni samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Aðrar upplýsingar

Álit mitt nær ekki yfir aðrar upplýsingar sem félagið gefur út aðrar en ársreikninginn sjálfan og áritun á hann. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir þar með talið öllum upplýsingum í ársskýrslu félagsins. Félagið mun afhenta mér ársskýrsluna eftir að ég árita ársreikninginn en vinna mín í tengslum við endurskoðunina mun felast í athugun á því hvort að til staðar sé ósamræmi á milli ársskýrslunnar og ársreikningsins. Sú athugun byggir meðal annars á þeirri þekkingu sem ég hef aflað í endurskoðuninni. Ef upp kemst um verulegar villur eða ósamræmi á milli ársskýrslu og ársreikningsins, mun ég koma því á framfæri til stjórnar félagsins og ég mun beita viðeigandi aðgerðum ef slíkar aðstæður koma upp og ég tel þær vera vísitandi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það. Stjórnin skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið með endurskoðuninni er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt. Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.



Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og er beitt faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Einnig framkvæmi ég eftirfarandi:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðuninni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Upplýsingar sem við höfum afhent stjórn og framkvæmdastjóra eftir endurskoðunina er í samræmi við áritun okkar.

Ég var kjörinn endurskoðandi félagsins í nóvember 2017 en þetta er sjötti ársreikningurinn sem ég hef endurskoðað.

Grant Thornton

Davíð Arnar Einarsson

Löggiltur endurskoðandi

Reykjavík, 1. nóvember 2023.



Rekstrarreikningur 1. september 2022- 31. ágúst 2023

	Skýr.	2022-2023	2021-2022
Fjáreignatekjur og (gjöld):			
Matsbreytingar verðbréfaeignar	1	(194.280)	151.085
		<u>(194.280)</u>	<u>151.085</u>
Rekstrargjöld:			
Auglýsingar		0	(138.203)
Greiddir styrkir		(1.800.000)	(858.000)
		<u>(1.800.000)</u>	<u>(996.203)</u>
Úthlutað umfram ávöxtun á rekstrarárinu.....		<u>(1.994.280)</u>	<u>(845.118)</u>



Efnahagsreikningur 31. ágúst 2023

	Skýr.	31.8.2023	31.8.2022
Eignir			
Veltufjármunir			
Aðrar kröfur		0	138.203
Fjármunir í eignastýringu	2	<u>9.332.245</u>	<u>11.188.322</u>
		9.332.245	11.326.525
Eignir samtals		<u><u>9.332.245</u></u>	<u><u>11.326.525</u></u>
 Eigið fé			
Stofnframlag FLE		20.000.000	20.000.000
Úthlutað umfram ávöxtun		<u>(10.667.755)</u>	<u>(8.673.475)</u>
	3	<u>9.332.245</u>	<u>11.326.525</u>
Eigið fé samtals		<u><u>9.332.245</u></u>	<u><u>11.326.525</u></u>



Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Verðbréf

Verðbréf eru skráð á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Þau eru færð á markaðsverði og færast matsbreytingarnar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til. Fjármagnstekjuskattur og þóknun kr. 156.186 er fært með matsbreytingum tímabilsins.

2. Eignastýring

Fjármunaeign í umsýslu Arion banka hf samanstendur af ríkisverðbréfum og íbúðarbréfum. Arion banki hf hefur séð um ávöxtun og vörslu verðbréfaeignar á tímabilinu.

Yfirlit um verðbréfaeign:

Innlend skuldabréf, ríkisverðbréf	9.332.245	100,00%
	<u>9.332.245</u>	<u>100,00%</u>

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnframlag	Úthlutað umfr. ávöxtun	Samtals
Staða 1.9.2022	20.000.000	(8.673.475)	11.326.525
Gjöld umfram tekjur á rekstrarárinu		(1.994.280)	(1.994.280)
Staða 31.8.2023	<u>20.000.000</u>	<u>(10.667.755)</u>	<u>9.332.245</u>









Félag löggiltra endurskoðenda